

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Varmalækur, landnr. 166907.

Deiliskipulagið nær til um 2,2 ha svæðis austast á jörðinni Varmalæk, landnr. 166907 en þar er gert ráð fyrir þremur íbúðarhúsalóðum þar sem heimilt er að byggja allt að 350 m² íbúðarhús og 60 m² gestahús/geymslu. Einnig er gert ráð fyrir lóð undir hesthús allt að 250 m².

Samþykkt í sveitarstjórn 31. maí 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 20. desember 2018.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 9. janúar 2019